



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Stefnumörkun

**Sambands íslenskra sveitarfélaga
fyrir árin 2009 og 2010
með aðgerðaáætlun**

Staðfest í stjórn sambandsins 29. apríl 2009

1. Samskipti ríkis og sveitarfélaga

1.1 Breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga

1.1.1 Tekjustofnanefnd

- 1.1.1.1 Í samvinnu við sveitarstjórnarráðuneyti verði sett á stofn tekjustofnanefnd sem hafi það hlutverk að vinna tillögur um breikkun og styrkingu tekjustofna sveitarfélaga með það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið.

Aðgerð:

Farið verði fram á það við nýja ríkisstjórn að nefndin verði stofnuð hið fyrsta og taki til starfa eigi síðar en í september 2009.

1.1.2 Endurskoðunarákvæði í samningum um tekjustofna

- 1.1.2.1 Í samningum um tekjustofna vegna breyttrar verkaskiptingar verði miðað við að fullnægt sé lögbundinni þjónustu og að í þeim verði endurskoðunarákvæði til að unnt sé að mæta fjölgun þjónustuþega og breytingum á þjónustuskuldum.

Aðgerð:

Fulltrúum sambandsins í tekjustofnanefnd og verkefnastjórn um flutning á málefnum fatlaðra verði falið að gæta þessa sjónarmiðs.

1.2 Auka formfestu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga

1.2.1 Jónsmessunefnd

- 1.2.1.1 Efla starf Jónsmessunefndar, sem er sameiginleg nefnd ríkis og sveitarfélaga, skipuð á grundvelli 1. gr. samstarfssáttmála frá 2. apríl 2008, í þeim tilgangi að auka traust og formfestu í samskiptum aðila, bæta stjórnarsýslu hins opinbera og efla gagnkvæman skilning á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig. Nefndin skal fjalla um nýja löggjöf, eða reglur, er snerta sveitarfélög, verkefni þeirra og tekjustofna. Jafnframt skal nefndin fjalla um álitamál um kostnaðarskiptingu og kostnaðaráhrif nýrra laga og reglugerða.

Aðgerð:

Farið verði fram á það við samgönguráðherra nýrrar ríkisstjórnar að hann endurskipi fulltrúa ríkisins í nefndina. Halldór Halldórsson og Dagur B. Eggertsson verði áfram fulltrúar sambandsins í nefndinni en framkvæmdastjóri sambandsins vinni með þeim og sitji fundi nefndarinnar.

1.2.2 Lögbinding samskiptareglna

- 1.2.2.1 Stefnt skal að lögbindingu samskiptareglna ríkis og sveitarfélaga. Sambandið hafi frumkvæði að gerð lagafrumvarps þess efnis.

Aðgerð:

Sviðsstjóra lögfræðisviðs í samvinnu við fulltrúa sambandsins í Jónsmessunefnd og framkvæmdastjóra verði nú þegar falið að semja drög að frumvarpi sem kynnt verði stjórn sambandsins. Í framhaldinu verði málið tekið upp í Jónsmessunefnd.

1.3 Endurskoða regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

1.3.1 Endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

- 1.3.1.1 Fylgst verði með störfum sérfræðinganefndar sem endurskoðar regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Aðgerð:

Framkvæmdastjóri fylgist með þróun málsins og upplýsi stjórn um gang þess.

1.4 Lögfesta kostnaðarmat lagafrumvarpa gagnvart sveitarfélögum

1.4.1 Kostnaðarmat

- 1.4.1.1 Unnið verði að lögbindingu kostnaðarmats allra lagafrumvarpa og reglugerðardruga er áhrif hafa á fjárhag sveitarfélaganna.

Aðgerð:

Sviðsstjóra lögfræðisviðs í samvinnu við fulltrúa sambandsins í Jónsmessunefnd og framkvæmdastjóra verði nú þegar falið að semja drög að frumvarpi sem kynnt verði stjórn sambandsins. Í framhaldinu verði málið tekið upp í Jónsmessunefnd.

1.5 Auka efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga og setja fjármálareglur

1.5.1 Efnahagssamráð og fjármálareglur

- 1.5.1.1 Beina efnahagssamráði að forsætisráðuneyti í auknum mæli og þróa áfram fjármálareglur fyrir sveitarfélög.

Aðgerð:

Framkvæmdastjóri hefur nú þegar farið fram á það formlega með erindi til forsætisráðuneytis að tekið verði upp formlegt samráð við ráðuneytið auk þess sem fulltrúar efnahagsskrifstofu forsætisráðuneytis verði boðaðir á fundi efnahagsnefndar skv. samstarfssáttmála næstu tvö ár. Jafnframt verði tekin upp vinna við gerð fjármálareglna og sjónarmið AGS varðandi fjármálareglur tekin inn í þá vinnu.

1.6 Eitt öflugt ráðuneyti sveitarstjórnarmála

1.6.1 Ráðuneyti sveitarstjórnar- og byggðamála

- 1.6.1.1 Stofnað verði ráðuneyti sveitastjórnar- og byggðamála sem fari m.a. með samgöngumál og skipulags- og byggingarmál.

Aðgerð:

Farið verði fram á það við nýja ríkisstjórn að slíkt ráðuneyti verði stofnað.

2. Verkaskiptamál

2.1 Flytja þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

2.1.1 Málefni fatlaðra

- 2.1.1.1 Unnið verði áfram að yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga í samræmi við yfirlýsingu aðila frá 13. mars 2009. Sveitarfélögin taki við málaflokknum 1. janúar 2011.

Aðgerð:

Unnið verði á grundvelli yfirlýsingarinnar undir verkstjórn verkefnisstjórnar.

- 2.1.1.2 Sveitarfélögin vinni að myndun þjónustuvæða til að taka við málefnum fatlaðra, þar sem þess er þörf.

Aðgerð:

Unnið verði á grundvelli yfirlýsingarinnar undir verkstjórn verkefnisstjórnar.

2.2 Flytja þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga

2.2.1 Þjónusta við aldraða

- 2.2.1.1 Áfram verði unnið að breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Tímasetning yfirfærslunnar ræðst af því hvernig undirbúningi málsins miðar.

Aðgerð:

Verkefnisstjórn vinni að framgangi málsins.

2.3 Fækka samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga

2.3.1 Fækkun samstarfsverkefna

- 2.3.1.1 Samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga verði fækkað og komið á hreinum verkaskiptum.

Aðgerð:

Stjórn og starfsmenn sambandsins, Jónsmessunefnd og tekjustofnanevnd hafi þetta markmið að leiðarljósi í störfum sínum.

2.4 Þjónustusamningum um tiltekin verkefni verði beitt til aðlögunar að hreinni verkaskiptingu

2.4.1 Þjónustusamningar

- 2.4.1.1 Þjónustusamningar sem nú eru í gildi um þjónustu við fatlaða, aldraða og heilbrigðisþjónustu haldi gildi sínu þar til niðurstaða liggur fyrir um breytta verkaskiptingu. Jafnframt verði gert ráð fyrir að einstök sveitarfélög geti leitað eftir samningum við ríkið um að taka að sé verkefni sem ríkið sinnir nú á sviði þjónustu við aldraða.

Aðgerð:

Starfsmenn sambandsins fylgist með þróun málsins og kortleggir stöðuna reglulega.

2.4.2 Framhaldskólinn

- 2.4.2.1 Ekki verði að svo stöddu sett af stað heildstæð vinna við yfirfærslu framhaldsskólans frá ríki til sveitarfélaga en sambandið er hlynnt því að einstök sveitarfélög geti tekið það verkefni að sér með samningum við menntamálaráðuneyti.

Aðgerð: Starfsmenn sambandsins fylgist með þróun málsins.

2.5 Sjálfstjórn sveitarfélaga og rammalöggjöf gildi um verkefni og skyldur sveitarfélaga

2.5.1 Sjálfstjórn sveitarfélaga

- 2.5.1.1 Þess sé ávallt gætt að sjálfstjórnarréttur sveitarfélaganna sé virtur, sbr. 78. gr. stjórnarskrárinnar og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Aðgerð:

Stjórn og starfsmenn sambandsins, Jónsmessunefnd, tekjustofnanefnd og allir aðrir fulltrúar sambandsins í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum hins opinbera hafi þetta markmið ávallt að leiðarljósi í störfum sínum.

2.5.2 Rammalöggjöf

- 2.5.2.1 Í vinnu við gerð lagafrumvarpa er lúta að verkefnum sveitarfélaganna verði þess gætt að þau séu í formi rammalöggjafar í stað miðstýringar um framkvæmd laganna. Í umsögnum um lagafrumvörp verði því sjónarmiði ávallt komið á framfæri.

Aðgerð:

Stjórn og starfsmenn sambandsins, Jónsmessunefnd og tekjustofnanefnd hafi þetta markmið að leiðarljósi í störfum sínum.

3. Hið staðbundna lýðræði

3.1 Sveitarstjórnir setji sér siðareglur

3.1.1 Siðareglur

- 3.1.1.1 Mælt er með að sveitarstjórnir setji sér siðareglur og á vegum sambandsins verði kynntar hugmyndir að fyrirmyndum að siðareglum sveitarstjórna.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs í samvinnu við sviðsstjóra lögfræðisviðs, framkvæmdastjóra, lýðræðishópinn og stjórn sambandsins, gangi frá fyrirmyndum að siðareglum sem síðan verði kynntar sveitarfélögum.

- 3.1.1.2 Á vegum sambandsins verði hugað að því setja á fót sameiginlega siðanefnd sveitarfélaga.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs í samvinnu við sviðsstjóra lögfræðisviðs, framkvæmdastjóra, lýðræðishópinn og stjórn sambandsins vinni að framgangi málsins.

- 3.1.1.3 Unnið verði á vegum sambandsins að tillögum að nauðsynlegum lagabreytingum í þessum efnum.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs í samvinnu við sviðsstjóra lögfræðisviðs, framkvæmdastjóra, lýðræðishópurinn og stjórn sambandsins vinni að framgangi málsins.

3.2 Útbúa viðmið um kjör sveitarstjórnarmanna

3.2.1 Kjör sveitarstjórnarmanna

- 3.2.1.1 Stjórn sambandsins láti vinna málefnaleg viðmið um kjör sveitarstjórnarmanna sem taki mið af umfangi og ábyrgð starfsins og stærð sveitarfélaga.

Aðgerð:

Framkvæmdastjóri vinni tillögur fyrir stjórn sambandsins í samvinnu við kjarasvið og LN. Stefnt er að því að tillögur liggi fyrir í mars 2010.

3.3 Auka lýðræði í sveitarfélögum

3.3.1 Lýðræði - Persónukjör

- 3.3.1.1 Stjórn sambandsins láti taka saman yfirlit um kosti og galla mismunandi leiða til að efla lýðræði og stuðla að beinni aðkomu og þátttöku íbúa við stjórn og ákvarðanatöku á vettvangi sveitarstjórna.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs og lýðræðishópurinn vinni að málinu og leggi niðurstöður sínar fyrir stjórn sambandsins í nóvember 2009.

- 3.3.1.2 Stefnt verði að því að yfirlitið leggi grunn að víðtæku samráði, tillögugerð og hugsanlegum lagabreytingum í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2010.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs og lýðræðishópurinn vinni að málinu og leggi niðurstöður sínar fyrir stjórn sambandsins í nóvember 2009.

- 3.3.1.3 Rannsóknarverkefni á íbúalýðræði í 22 sveitarfélögum sem unnið er að á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands getur nýst í þessu sambandi. Unnið er að því í samræmi við samstarfssamning um verkefnið sem sambandið er aðili að og er vonast til að niðurstöður hafi komið fram fyrir landsþing 2010.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs og lýðræðishópurinn vinni að málinu og leggi niðurstöður sínar fyrir stjórn sambandsins.

4. Stjórnun sveitarfélaga og starfsemi sambandsins

4.1 Efla upplýsingamiðlun sambandsins og sveitarfélaga

4.1.1 Upplýsingaveita sveitarfélaga

- 4.1.1.1 Á árinu 2009 verði unnin aðgerðaáætlun um framþróun upplýsingaveitunnar til ársins 2010 og lögð fyrir alla samstarfaðila.

Aðgerð:

Framkvæmdastjóri vinni að gerð þessarar aðgerðaáætlunar í samvinnu við sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs og fulltrúa samgönguráðuneytis og Hagstofu Íslands. Nú þegar verði framkvæmd greining á stöðu málsins með aðstoð sérfræðinga.

- 4.1.1.2 Haldið verði áfram að safna samtímaupplýsingum um fjármál sveitarfélaga og birta þær reglulega.

Aðgerð:

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs og framkvæmdastjóri vinni að þróun málsins, eftir atvikum í samráði við samgönguráðuneyti og Hagstofu Íslands.

4.1.2 Upplýsingatækni

- 4.1.2.1 Áfram verði unnin úttekt á möguleikum á auknu samstarfi sveitarfélaga og samstarfi ríkis og sveitarfélaga að framþróun rafrænnar stjórnsýslu og að hagnýtingu upplýsingatækni í samskiptum þeirra við íbúana.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs vinni málið í samvinnu við fulltrúa ríkisins en framgangur þess er háður fjárveitingum sem ekki eru fyrir hendi á árinu 2009.

4.2 Stuðla að rannsóknum á grunnskólastarfi og vinna að sameiginlegri stefnumótun

4.2.1 Skólamál

- 4.2.1.1 Áfram verði unnið að verkefni við samanburð á rekstri grunnskóla til ársins 2010. Fleiri skólum verði veittur aðgangur að verkefninu.

Aðgerð:

Hag- og upplýsingasvið í samvinnu við skólamálateymi haldi áfram vinnu við.

- 4.2.1.2 Sameiginleg grunnskólaskólustefna sambandsins og KÍ verði kynnt fyrir sveitarfélögunum og þau aðstoðuð við að innleiða hana eftir föngum. Verkefnisstjóri á vegum sambandsins vinni að málinu.

Aðgerð:

Framkvæmdastjóri, sviðsstjóri lögfræðisviðs og skólamálafulltrúi tryggja fjármögnun verkefnisstjórnarstarfsins í samræmi við fyrirliggjandi gögn og auglýsi það laust til umsóknar eigi síðar en í júlí 2009.

4.3 Stuðla að fjölþættri fræðslustarfsemi fyrir sveitarfélög

4.3.1 Fræðslustarfsemi

- 4.3.1.1 Sambandið stuðli að því að í boði verði fjölþætt fræðslustarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga líkt og verið hefur undanfarin ár.

Aðgerð:

Próunar- og alþjóðasvið undirbúi námskeiðahald fyrir nýja sveitarstjórnarmenn sem fram fari haustið 2010. Öll svið leggi sitt af mörkum til að bjóða fjölþætta fræðslustarfsemi.

4.4 Setja stefnu í byggðamálum fyrir sambandið

4.4.1 Byggðamál

- 4.4.1.1 Stjórn sambandsins stofni vinnuhóp sem hafi það hlutverk að endurskoða stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum sem samþykkt var á 62. fundi fulltrúaráðs sambandsins í Hveragerði árið 2002. Tillögur að stefnumörkun verði lagðar fyrir stjórn og síðan landsþing sambandsins 2010 til efnislegrar meðferðar. Leitast verði við að koma sem flestum þáttum þeirrar stefnumörkunar inn í byggðastefnu ríkisins.

Aðgerð:

Stjórn sambandsins samþykki erindisbréf fyrir nefndina og skipi í hana á fundi sínum í apríl 2009. Sviðsstjóri próunar- og alþjóðasviðs vinni með nefndinni.

4.5 Stækka og efla sveitarfélög með frjálsum sameiningum

4.5.1 Sameining sveitarfélaga

- 4.5.1.1 Sambandið styður frjálsa sameiningu sveitarfélaga og hvetur til sameiningar og stækkunar sveitarfélaga en styður ekki lögbvingaða sameiningu. Sambandið er jafnframt tilbúið til viðræðna um útfærslu á öðrum leiðum hvað þetta varðar, eins og í öðrum samskiptamálum ríkis og sveitarfélaga.

Aðgerð:

Formaður og framkvæmdastjóri taki upp viðræður haustið 2009 við samgönguráðuneyti um hugmyndir ráðuneytisins um sameiningu sveitarfélaga.

4.6 Auka starfsemi á sviði velferðarmála hjá sambandinu

4.6.1 Samstarfsvettvangur um velferðarmál

- 4.6.1.1 Stjórn sambandsins skipi sérstaka fagnefnd sér til ráðgjafar um verkefni sveitarfélaga á sviði velferðarmála og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

Aðgerð:

Unnið verði að gerð erindisbréfs fyrir nefndina og hún skipuð í nóvember 2009.

4.6.2 Sérfræðingur á sviði velferðarmála

- 4.6.2.1 Könnuð verði ráðning sérfræðings á skrifstofu sambandsins. Sérfræðingnum verði m.a. falið að vinna að verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga og að yfirfærslu málefna fatlaðra og þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga.

Aðgerð:

Gerð verði kostnaðaráætlun vegna þessa nýja starfs og staðsetning þess í skipuriti sambandsins ígrunduð. Ekki verði ráðið í stöðuna fyrir en heimild í fjárhagsáætlun sambandsins liggja fyrir. Kannað verði með slíka heimild í fjárhagsáætlun ársins 2010.

4.7 Auka starfsemi á sviði skipulagsmála hjá sambandinu

4.7.1 Nefnd um skipulagsmál

- 4.7.1.1 Stjórn sambandsins skipi ráðgefandi nefnd til að fjalla um gerð landskipulags og önnur stefnumarkandi mál á sviði skipulagsmála.

Aðgerð:

Stjórn sambandsins samþykki erindisbréf fyrir nefndina og skipi í hana á fundi sínum í október 2009. Sviðsstjóri lögfræðisviðs vinni með nefndinni.

4.8 Hætta þátttöku í Bjargráðasjóði

4.8.1 Bjargráðasjóður

- 4.8.1.1 Vinna að uppgjöri í framhaldi af því að sveitarfélög hafa verið leyst undan greiðslum til Bjargráðasjóðs og að starfsemi sjóðsins verður að fullu skilin frá starfsemi sambandsins.

Aðgerð:

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gangi frá uppgjöri í samræmi við ákvæði nýrra laga um sjóðinn og leggi niðurstöður fyrir stjórn sambandsins haustið 2009.

4.9 Sveitarfélögin séu á varðbergi gagnvart Evrópumálum

4.9.1 Brussel-skrifstofan

- 4.9.1.1 Unnin verði úttekt á starfsemi Brussel-skrifstofu sambandsins og ákvörðun tekin um framtíð hennar.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs leggi fyrir greinargerð um málið á fundi stjórnar sambandsins í apríl 2009. Stjórnin ákveði næstu skref.

- 4.9.1.2 Sambandið standi vörð um hagsmuni sveitarstjórnarstigsins gagnvart hugsanlegum aðildarviðræðum og sjái til þess að sveitarfélög séu vel undirbúin og upplýst.

Aðgerð:

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs og alþjóðanefnd fylgist með þróun málsins og upplýsi stjórn sambandsins reglulega um þróuninni.

4.10 Auka kynningarstarfsemi á vegum sambandsins

4.10.1 Kynningarmál

- 4.10.1.1 Kynningarstarfsemi á vegum sambandsins á málefnum sveitarfélaganna verði aukin svo sem kostur er.

Aðgerð:

Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar sinni þessu máli reglulega.

5. Launanefnd sveitarfélaga og kjarasamningar

5.1 Sýna samstöðu í kjaramálum

5.1.1 Samstaða sveitarfélaga

- 5.1.1.1 Unnið verði að því að efla samstöðu sveitarfélaga um sameiginlega stefnumörkun í kjaramálum og aukið samstarf við gerð samræmdra kjarasamninga fyrir sveitarfélögin. LN og Reykjavíkurborg vinni saman í starfsmáttálum.

Aðgerð:

Kjarasvið og LN vinni að málinu. Auk þess taki sviðsstjóri kjarasviðs og fulltrúar LN í maí 2009 upp viðræður við Reykjavíkurborg um aukna samvinnu í starfsmáttálum.

5.1.2 Könnun á að færa verkefni LN til stjórnar sambandsins

- 5.1.2.1 Stjórn sambandsins skipi nefnd til að kanna kosti þess og galla að færa verkefni Launanefndar sveitarfélaga til stjórnar sambandsins. Nefndin skili niðurstöðum sínum til stjórnar vel fyrir landsþing sambandsins á árinu 2010. Verkefni LN er nú fyrst og fremst markmiðssetning og eftirlit en framkvæmdahlutverkið, þ.e. kjarasamningagerðina annast kjarasvið sambandsins. Taki stjórn sambandsins við hlutverki Launanefndar sveitarfélaga skipi hún kjaramálanefnd sem verði stjórninni til ráðgjafar í kjara- og starfsmannamálum með svipuðum hætti og skólamálanefnd sambandsins er ráðgefandi fyrir stjórnina í skólamálum og alþjóðanefnd í EES-málum og erlendum samskiptum. Kjarasvið annist kjarasamningagerð og kalli til sérfræðinga frá sveitarfélögum sér til aðstoðar eftir atvikum.

Aðgerð:

Stjórn sambandsins samþykki erindisbréf fyrir nefndina og skipi í hana á fundi sínum í apríl 2009. Sviðsstjóri kjarasviðs vinni með nefndinni.

Gildandi stefnur í öðrum málaflokkum:

[Stefna sambandsins í innflytjendamálum.](#)

[Stefna sambandsins í úrgangsmálum.](#)

[Skólamálastefna sambandsins ásamt greinargerð.](#)